

## Yfirlýsing

Gámaþjónusta Norðurlands ehf kt 481287-1039 hefur yfir að ráða tækjum, aðstöðu til að sjá um móttöku, meðhöndlun og flutning á aukaafurðum hjá PCC á Bakka við Húsavík. Á komandi vikum mun Gámaþjónusta Norðurlands hefja vinnu við að leita eftir lóð hjá Norðurþingi á Bakka til að taka á móti óvirkum aukaafurðum (deigluklæðning, jarðefni og steypa). Aukaafurðirnar yrðu haugsettar til geymslu og meðhöndlunar fyrir frekari flutning á efni sem hráefni í aðra framleiðslu eða til urðunar sem óvirkur úrgangur. Gámaþjónusta Norðurlands mun afla tilskilinna starfsleyfa fyrir starfseminna hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurþings.

Einnig verður hafist handa við að leita að mögulegum stöðum til að afsetja óvirkar aukaafurðir sem næst verksmiðju fyrir aukaafurðir sem ekki verður hægt að koma í endurvinnslu.

Gámaþjónusta Norðurlands muna afla starfsleyfa fyrir hugsanlega urðunarstaði.

Aðrar aukaafurðir mun Gámaþjónusta Norðurlands meðhöndla, eins og getið er um í neðangreindri töflu samkvæmt gildandi starfsleyfi um móttaka og meðhöndlun spilliefna ásamt starfsleyfi fyrir móttöku og meðhöndlun úrgangs.

Undirverktaki Gámaþjónustu Norðurlands í meðhöndlun spilliefna er Efnamóttakan ehf kt 691298-2729

Úrgangstegund	Magn [tonn/ári] við framleiðslu 33.000 – 66.000 tonna af kísilmálm	Meðhöndlun
Pokasíur	0,06 - 0,12	I. Efni flutt í Móttökustöð á Akureyri er pressað í bagga fyrir frekari flutning til endurvinnslu II. Endurvinnsla í kísiljárns-eða kísilmálmíðnaðinum. III. Urða efnið á Sölvabakka við Blönduós.
Deigluklæðning	340 – 680	I. Leita að leiðum til að nota aukaafurðirnar sem hráefni í aðra framleiðslu. II. Leitast verður við að finna svæði í samvinnu við opinbera aðila um móttöku á úrganginum sem næst upprunastaðar. III. Urða efnið á Sölvabakka við Blönduós.
Forskiljuryk	840 - 1.680	Aukaafurðir (PCC flytur út til endurvinnslu)
Gjall	900 – 1.400	Aukaafurðir (PCC flytur út til endurvinnslu)
Kísildíoxíðryk (MicroSilica)	12.000 – 24.000	Aukaafurðir (PCC flytur út til endurvinnslu)

Málmar	180 – 360	Málmar eru fluttir til viðurkennds móttökuaðila á brotamálmum á Akureyri þar sem brotamálmur er rúmmálsminnkaður fyrir flutning til Reykjavíkur til frekari vinnslu.
Timbur	130 – 260	Hreint timbur sem er ekki notað í framleiðslu hjá PCC verður flutt til Akureyrar og tætt. Tætt timbur er notað við jarðgerð á Þverá í Eyjarfirði.  Litað timbur er flutt til urðunar í Stekkjarvík við Blönduós
Stórsekkir	9 – 18	Efni er flutt í móttökustöð á Akureyri þar sem það er baggað og flutt erlendis til endurvinnslu.
Bylgjupappi	3 – 6	Efni er flutt í móttökustöð á Akureyri þar sem það er baggað og flutt erlendis til endurvinnslu.
Jarðefni/steypa	2,5 – 5	<ul style="list-style-type: none"> <li>i. Leita að leiðum til að nota aukaafurðirnar sem hráefni í aðra framleiðslu.</li> <li>ii. Leitast verður við að finna svæði í samvinnu við opinbera aðila um móttöku á úrganginum sem næst upprunastaðar.</li> <li>iii. Urða efnið á Sölvabakka við Blönduós.</li> </ul>
Almennur úrgangur	70 – 140	Úrgangi er safnað á Bakka, flutt í flokkunarstöð hjá Gámaþjónustu Norðurlands ehf á Akureyri þar sem efni er pressað og flutt í stærri förmum til urðunar á Sölvabakka við Blönduós.
Frásigti frá sigtun hráefna	2,5 – 5	<ul style="list-style-type: none"> <li>I. Leita að leiðum til að nota aukaafurðirnar sem hráefni í aðra framleiðslu.</li> <li>II. Urða efnið á Sölvabakka við Blönduós..</li> </ul>
Lífrænn heimilisúrgangur	4 – 8	Efni er flutt til jarðgerðar að Þverá í Eyjarfirði
Spilliefni	1,5 – 3	Spilliefnum er flutt í umhleðslustöð Gámaþjónustu Norðurlands ehf þar sem efnin eru flokkuð. Efnin eru framseld til Efnamóttökunnar ehf sem sér um að koma spilliefnunum til förgunar eða endurvinnslu eftir því sem við á.

Samtals áætlað magn efna sem ekki eru bein framleiðsluvara: 28.565,12 ton við 66.000 tonna framleiðslu Mesta áætlaða magn urðunar: 830,12 tonn við 66.000 framleiðslu. Endurvinnsluhlutfall 97%

Minnsta áætlaða magn til urðunar: 140 tonn við 66.000 framleiðslur. Endurvinnsluhlutfall 99%

Arngrímur Sverrisson  
  
